

# Rýni stjórnenda haustönn 2019

# Inngangur

Gæðakerfið skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Gæðakerfið var uppfært til að fullnæga nýjum staðali ÍST 85:2012 á haustönn 2019.

Kjartan Kárason frá Vottun ehf. kom og gerði úttekt á verkferlum þann 30. apríl 2019. Niðurstaða úttektar hefur ekki borist þegar þessi samantekt er skrifuð. Úttekt á gæðakerfi fyrir haustönn 2019 fór aldrei fram þrátt fyrir ítrekaðar óskir um til vottunaraðila.

Á haustönn 2019 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Benedikt Barðason skólameistari, Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari Helga Jónasdóttir áfangastjóri, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri og Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta. Haldnir voru 14 gæðaráðsfundir á önninni.

Gæðaráð fór yfir og vann úr athugasemdum sem komu fram í framvindumati innan tímafrests sem miðað er við. Kennarar skiluðu áfangaskýrslum í lok annarinnar. Gæðaráð fór yfir athugasemdir sem kennarar beindu til gæðaráðs og afgreiddi þær í janúar 2020. Gögn eru geymd á skrifstofu áfangastjóra.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 *Stjórnun gæðamála* og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir gæðaráð.



## Almennar kröfur:

ISO 9001 og ÍST 85:2012:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd með fyrirfram ákveðnu millibili,
- tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvirk

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta,
- hverskyns þörfum á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu,
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnisfundur var haldinn:

Dags.: 29.01.2020 05.02.2020	Tími: 10:00- 11:20	Staðsetning: Skrifstofa aðstoðarskólameistara	Fund boðaði: SHS/HEL
---------------------------------	-----------------------	--	----------------------

Mættir:	Anna María Jónsdóttir, Benedikt Barðason, Ómar Kristinsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Helga Jónasdóttir, Hrafnhildur Haraldsdóttir
Fjarverandi:	

## Niðurstöður rýnifundar:

### 0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2019**. Frumrit skýrslunnar er í vörslu áfangastjóra, afrit á bóksafni og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista sem fer inn á [GÁT-069](#) Verkefnalisti stjórnenda skv. [VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs](#) og fá eftirfylgni þar.

### 1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Hér er yfirlit um vinnu við aðgerðalista frá rýni haust 2019.

- Unnin var áætlun um starfsmannasamtöl, hana er að finna á stjórnendadrfi - starfsmannasamtöl\_sjálfsmat\_kennslukannanir - sjálfsmatsáætlanir.
- Efla þarf og breyta skráningu á úrbótaverkefnum sem aðrir innan skólans, en gæðaráð, taka þátt í eða hefja. Sett hefur verið upp skráningarkerfi til að halda utan um úrbótaverkefni sem verður prufukeyrt á vorönn 2020 og tekið í gagnið á haustönn 2020.
- Vinna þarf eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari vísa verkefnum til hlutaðeigandi aðila.
- Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra vinna saman að innleiðingu persónuverndarlaga og jafnlaunavottunar. Innleiðing jafnlaunavottunar verður lokið á vorönn 2020.
- Stjórnendur og upplýsingatæknimentorar vinna að stefnu um upplýsingatækni.



## 2. Niðurstöður innri úttekta

Innri úttektum fyrir haustönn 2019 er lokið að fullu en ekki eftirvinnu þeirra, en þau mál eru í vinnslu með hlutaðeigandi aðilum.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð áfangastjóra og er framkvæmd skv. VKL-403 Innri úttektir, kafli. 5.3.

## 3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í STS-002. Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður haustannar 2019 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar. Einnig er skoðuð frammistaða ytri veitenda.

### Kennslumat

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendum, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Reglan er sú að 1/3 af áföngum skólans sé inni í hverri könnun, því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Á haustönn 2019 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: íslenska, rafiðngreinar, matvælabraut, danska, spæ/pýs, hjúkrunargreinar og raungreinar. Sérstök könnun í NÁSS. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1840 kannanir og fengust 722 svör eða 39% svörun sem er heldur meiri svörun en hefur verið áður. Alls var spurt um 39 kennara og 77 áfanga. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í kennslumati, þeir eru hér að neðan. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um kennslumat á heimasíðu skólans undir skólinn / Innra og ytra mat / Áfanga- og kennslumat.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2019	Meðaltal síðustu þriggja anna
Ég er ánægð(ur) með aðstöðu og búnað til náms í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	95% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	94,7% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

### Ályktun gæðaráðs

Þar sem kennslumat sýnir fram á að markmiðum er náð er ekki talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

### Starfsmannakönnun

Stofnun ársins sem starfsmannakönnun skólans. Hún var lögð fyrir í febrúar-mars 2019. Niðurstöður könnunar voru birtar í síðustu Rýni stjórnenda skýrslu. Næsta könnun verður lögð fyrir í febrúar-mars 2020 og niðurstöður hennar birtar í Rýni stjórnenda fyrir vorönn 2020 (hafi þær borist í tíma).

### Ályktun gæðaráðs

Þar sem könnun hefur ekki verið lögð fyrir er ekki ástæða til ályktunar.

### Námsframboð

## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi og sérhæfð störf. Þessu markmiði er náð með reglulegri endurskoðun á námsbrautum og námsframboði. Þess má geta að VMA býður uppá nám á fjórða þrepi í vélstjórn og í meistarakóla fyrir iðnsveina. VMA hefur tekið þátt í verkefni á vegum Hæfniseturs ferðaþjónustunnar um nám í ferðaþjónustu. Námsframboð er í stöðugri endurskoðun og matreiðsla og matartæknar voru endurskoðaðir á vorönn og verða kenndir samkvæmt nýrri námskrá á haustönn 2019.

### **Rekstur, húsnæði og skipulag**

Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinnur með starfsmönnum og Ríkiseignum að þróun skólans hvað varðar aðbúnað og húsnæði. Meðalnýting er reiknuð út í námshópum með því að taka saman fjölda nemenda í þeim þremur hópaviðmiðum sem eru algengust þ.e.a.s. 12-15-25 nemendur í hóp.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstað haustönn 2019
Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans	10%	15,2%
Meðalnýting á námshópum		
12 nemenda	90%	87%
15 nemenda	90%	97%
25 nemenda	90%	91%
Meðalnýting á námshópum	90%	91,7%
Rekstraráætlun sé í samræmi við fjárheimildir	Innan fjárheimilda	Lítilllega umfram heimildir
Skólinn starfi samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012 stöðlum og þeim sé viðhaldið	Vottað	Þrátt fyrir að ítrekað hafi verið kallað eftir vottunarskjali frá vottunaraðila hefur það ekki borist.

### **Ályktun gæðaráðs**

Hlutfall yfirvinnu útskýrist að einhverju leyti af fjölda innritaðra nýnema á haustönn sem voru um 30 fleiri eða 15% meira en áætlað var. Stór hluti sótti um starfsnám og á brautabré þar sem hópaviðmið er lægra en í bóknámi og þar af leiðir meiri kostnaður.

Á haustönn 2019 var verið að kenna fámennar iðngreinar sem orsakar það að meðalnýting er frekar lág í tólf nemendahóp. Gæðaráð telur því ekki ástæða til frekari viðbragða.

Að óbreyttu hefði rekstur skólans verið innan fjárheimilda en reikniskekkja ríkiseigna upp á 30 milljónir leiddi til rekstrarhalla upp á 20 milljónir eins og staðan er þegar þetta er skrifað.

Úttektarskýrsla og vottunarskjal hafa ekki borist frá vottunaraðila sem veldur áhyggjum gæðaráðs.

### **Þjónustukönnun**

Þjónustukönnun var ekki lögð fyrir haustið 2019. Næsta þjónustukönnun verður lögð fyrir vorönn 2020.

## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



### Frammistaða ytri veitenda

Yfirlit yfir birgja og frammistöðumat á þeim er að finna í GÁT-011 og er eintak af þeim lista inni hjá bókhalds og innheimtufulltrúa. Það yfirlit var yfirfarið og frammistöðumat birgja var í lagi.

### Ályktun gæðaráðs

Ekki talin ástæða til aðgerða.

## 4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, jafnlaunagreining, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirtalin skjöl í gæðahandbók voru endurskoðuð og samþykkt á haustönn 2019

Dags	Númer	Skjalaheiti
04.09.2019	GÁT - 074	Lokaviðvörðun - endurinnritun
11.09.2019	GÁT - 027	Mánaðarleg skýrsla um kæli og frysti
11.09.2019	GÁT - 050	Eftirlit með hitamælum í kæli- og frystigeymslu á matvælabraut
11.09.2019	GÁT - 053	Mánaðarleg skýrsla yfir gasrofa
11.09.2019	GÁT - 054	Vikuleg skýrsla yfir þrif á húsnæði matvælasviðs
11.09.2019	VNL - 108	Eftirlit með hitamælum í kæli- og frystigeymslu á matvælabraut
11.09.2019	VNL - 109	Þrif á húsnæði matvælasviðs
11.09.2019	VKL - 213	Eftirlit með búnaði á matvælasviði
16.10.2019	STS - 014	Jafnréttisstefna og -áætlun
16.10.2019	STS - 009	Lög og reglur
23.10.2019	STL - 004	Rekstrar- og skrifstofustjóri
23.10.2019	STL - 030	Stuðningsfulltrúi
23.10.2019	STL - 040	Bókhalds- og innheimtufulltrúi
23.10.2019	STL - 054	Þjónustuliði II
23.10.2019	STL - 050	Skólafulltrúi I
23.10.2019	STL - 099	Verkefnastjóri
23.10.2019	STL - 046	Bókavörður
23.10.2019	STL - 002	Aðstoðarskólameistari
23.10.2019	STL - 055	Skólasálfræðingur
23.10.2019	STL - 031	Náms- og starfsráðgjafi
06.11.2019	GÁT - 028	Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir 2019-2021
27.11.2019	GÁT - 045	Námsáætlun (form)
04.12.2019	LSM - 001	Leiðbeiningar til kennara á próftíma
04.12.2019	VKL - 403	Innri úttektir
04.12.2019	VKL - 401	Rýni stjórnenda
04.12.2019	STS - 002	Gildi, markmið og stefna

### Eftirfarandi skjöl voru lögð niður:

STL-036 Kerfisstjóri og STL-044 Vefstjóri

### 4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda. Í upphafi haustannar 2019 voru 1017 nemendur skráðir í reglulegt nám í dagskóla og 291 í fjarnámi.

## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haustönn 2019
Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,5	6,9
Fallprósenta	10%	9,16%
Mætingar %	90%	87,1%
Brottfall %	9,00%	7,2%

### Ályktun gæðaráðs

Markmiðum um meðaleinkunn allra áfanga, fallprósentu og brottfall hefur verið náð og því ekki talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Markmiðum um mætingu var ekki náð. Gæðaráð telur að þessi mælikvarði sé hugsanlega ekki nógu lýsandi varðandi viðveru nemenda. Þessi markmið verða endurskoðuð í ljósi þess að skoða frekar viðveru nemenda í skóla en ekki heildar mætingu þar sem veikindi og útskýrðar fjarvistir eru hluti af mælingu. Gæðaráð í samráði við sviðsstjóra munu stýra þessari endurskoðun.

### Áfangaskýrslur vegna haustannar 2019

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 20.12.2019. Alls voru gerðar 17 skýrslur, voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 495 og 496, 8.janúar og 16.janúar og var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt inná skrifstofu áfangastjóra.

### Framvindumat haustannar 2019

Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja haustönn samkvæmt skóladagatali. Alls voru gerðar 6 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 488, þann 16.10.2019 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt inná skrifstofu áfangastjóra.

### Ábendingar og kvartanir

Alls bárust 10 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Málin eru í vinnslu hjá hlutaðeiganda.

## 4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, námsmat og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 274 áfangar á haustönn 2019.

## 4.3 Niðurstöður Jafnlaunagreiningar

Launagreining var framkvæmd 17.12.2019 af Attentus og er þeirri vinnu lokið að fullu. Niðurstöðurnar voru þær að karlar voru með að meðaltali 2,47% lægri laun en konur og útskýrist það af yfirvinnu. Launagreining verður aftur framkvæmd að ári.



## 5. Úrbætur

Stöðugt er unnið að úrbótum innan skólans er varða viðhald og endurnýjun aðfanga. Umsjónarmaður fasteigna sér um skráningu og utanumhald þessara framkvæmda og hægt er að nálgast GÁT-047 Vikuleg skýrsla umsjónarmanns fasteigna hjá skólameistara.

## 6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

- Nýr GÁT-028 var samþykktur á haustönn 2019, líkt og áður gildir sú áætlun til tveggja skólaára
- Heldur hefur dregið úr tíðni starfsmannviðtala á haustönn 2019, endurskoða þarf áætlun um starfsmannviðtöl m.t.t. þess
- Vinna þarf að því að ljúka eldri málum sem hafa komið í gegnum framvindumat, áfangaskýrslur eða með öðrum leiðum og fara inná borð gæðaráðs (GÁT-008)
- Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar og endurskoðun á henni
- Unnið verður að aðgerðum vegna áhættumats
- Farið verður í vinnu við að skoða rafræna skráningu á athugasemdum og ábendingum
- Samstarf við Hæfnisetur ferðapjónustunnar, Símei og aðra hagaðila um nám í ferðamálagreinum.
- Skjalastýringarkerfi er í innleiðingarferli. Starfsmaður á skrifstofu ásamt forstöðumanni bókasafns eru tengiliðir vegna verkefnisins.
- Unnið er áfram eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari bera ábyrgð á að unnið sé eftir áætluninni.
- Skólameistari ber ábyrgð á og leiðir vinnu við innleiðingu og endurskoðun persónuverndarstefnu, jafnlaunavottunar, jafnréttisstefnu, upplýsingatæknistefnu og lýðheilsustefnu.

## 7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Mælipunktur eru 20 talsins, þeir sem mældi voru á haustönn 2019 eru:

- Boðið verður upp á nám á 4. þrepi fyrir árið 2021.
- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærra
  - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra
  - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Mætingarhlutfall nemenda sé 90% eða hærra
  - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra
  - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- 85% nemenda eða fleiri eru ánægðir með kennslu í áfanga
  - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- Áföngum sem lýkur með lokaprófi fækki um 5% á ári næstu þrjú ár
  - Námsáætlun (áfangastjórar)
- Að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála við fullyrðingunni: “Ég er ánægð(ur) með aðstöðu og búnað til náms í áfanganum.”
  - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10% árið 2021
  - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári
  - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli á skólanum í heild verði viðhaldið og vottað.
  - Innri og ytri úttektir ásamt endurnýjun á reglulegri ISO9001 vottun.

Áætluð viðbrögð við þeim þáttum sem ekki stóðust markmið má sjá í kafla 4.1 og 3.



## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



### 7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Gæðavottað nám utanumhald, umsjón, umsýsla, rekjanleiki, skjalfesting	Tölvubúnaður úreltur og þarf hraðari endurnýjun
Hátt hlutfall kennara með faglega menntun og kennsluréttindi	Tækjakostur til verklegar kennslu
Áfangakerfi - sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og námstíma	Fagþekking í mannauðsstjórnun og ónægur tími stjórnenda til að sinna mannauðsmálum
Stoðþjónusta við nemendur - námsráðgjafi, sálfræðingur, forvarnarfulltrúi, hjúkrunarfræðingur	Fjárhagur skólans
Stöðugt og fjölbreytt innra mat - kennslukannanir, rýni stjórnenda, þjónustukönnun, Stofnun ársins o.fl.	Viðvera og brotthvarf nemenda
Valáfangar (iðngreinakynning) í boði fyrir grunnskólanemendur á Akureyri	Skortur á húsnæði fyrir ákveðnar greinar, s.s. starfsbraut, bifvélavirkjun og íþróttagreinar
Heimavist fyrir nemendur	Fá úrræði í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti í námi
Lítil starfsmannavelta. Helgun í starfi og við vinnustað.	Skortur á tíma fyrir samráð og samvinnu
Fjölbreytt samsetning nemendahópsins	Móttaka og utanumhald um erlenda nemendur
Erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti	Vinnuumhverfi starfsmanna og nemenda svo sem tölvu- og tækjabúnaður og vinnuástaða.
Þverfaglegt samstarf innan skólans og samþætting námsgreina	Skortur á samstöðu starfsmanna við að framfylgja skólareglum (munntóbak, símanotkun, Ipad o.fl.)
Vel skipulagt gæðakerfi og reglulegar ytri úttektir til að viðhalda ISO-9001 vottun.	Of stuttur matartími fyrir nemendur
Góður starfsandi og gott samstarf kennara	Lítil virkni í foreldrafélagi
Vel tekið á móti nýnemum og öflugt umsjónarkerfi á fyrsta ári	Virkni nemenda í félagslífi
Gott samstarf stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins	Starfsþróun kennara
Vel skipulagt húsnæði og góð umgengni	Námsmat þarf að vera fjölbreyttara og meira í anda leiðsagnarmats
Verknámsaðstaða er sýnileg og vel tengd öðru skólastarfi	Samráð við starfsfólk um stefnumótun og endurskoðun á námi
FabLab smiðja er í húsnæði skólans	Samræma þarf námsumsjónarkerfi
Góð aðstaða á bókasafni skólans	Kynjahalli innan ákveðinna brauta/greina bæði í nemenda og kennarahópnum
	Fáir nemendur eru annaráskrift í mötuneyti
	Loftgæði og hitastig í húsnæði skólans

## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



Ógnanir úr umhverfi	Tækifæri í umhverfi
Fækkun iðnmeistara með kennsluréttindi	Aukin samskipti/samvinna við atvinnulífið í nærumhverfinu
Minnkandi fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans og lítil fólksfölgun	Samvinna við háskóla um réttindanám kennara
Minnkandi áhugi nemenda á ákveðnu námi	Breytingar á atvinnulífi og samfélaginu sem kalla á ný námstækifæri
Breytingar á atvinnulífi sem eru þess valdandi að ákveðnar námsleiðir dragast saman eða nemendum fækkar	Eftirspurn atvinnulífs eftir fagmenntuðum einstaklingum
Samkeppni um nemendur	Þjónusta við nemendur með styttri námskeiðum s.s. suðunámskeið, vélgæslunámskeið, textíl o.s.frv.
Breytt námsmat í grunnskóla - breytingar á inntökuvíðmiðum háskóla	Niðurgreiddar skólamáltíðir eða framfærslustyrkir til ungmenna
Neikvætt viðhorf og umtal um skólann	Efla bóknámsdeildir (ímyndarvinna) ákveða að vera framúrskarandi
Fjárframlög til skólans duga ekki til reksturs og endurnýjunar á tækjum og búnaði.	Efla jafnréttisfræðslu og vera í framvarðasveit framhaldsskóla á því sviði
Styttri námsleiðir í iðn- og starfsnámi, s.s. verslunarþjóna eða aðstoðarmaður á verkstæði eru ekki viðurkennd starfsréttindi.	Nýjar kennsluáðferðir með nýrri tækni og breyttri hugsun (spjaldtölur, Youtube, Moodle, Flipped teaching)
Vanlíðan, kvíði og andleg veikindi nemenda	Samvinna við grunn- og framhaldsskóla
Stafrænt áreiti í námi og kennslu	Kynningarmál
Álag á nemendur vegna íþróttastarfs eða vinnu utan skóla	4. þreps nám í samvinnu við háskóla
Skortur á heilbrigðis- og stoðþjónustu við nemendur sem glíma við sértæk vandamál	Kanna afdrif útskrifaðra nemenda frá skólanum og hvernig námið hefur nýst þeim í frekara námi eða atvinnulífi
Starfstími skóla skv. reglugerð og kjarasamningum	Efla þekkingu og hæfni nemenda til að tileinka sér tækninýjungar í samræmi við breytt samfélag og atvinnulíf

### Ályktun gæðaráðs

Viðbrögð við Gæðaráð telur ástæðu til að endurskoða SVÓT greiningu og stefnt er að því að sú vinna fari fram á vorönn 2020. Nú þegar hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við ógnunum og veikleikum.

### 8. Tillögur um umbætur

- Endurskoðun á mælipunktum í STS-002 Gildi, markmið og stefna
- Endurskoðun á mælikvarða varðandi mætingar nemenda
- Rafrænar skráningar

### 9. Tillögur um auðlindir

- Ráða þarf mannauðsstjóra

## Rýni stjórnenda niðurstöður haustönn 2019



### 10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2019**.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA HAUST 2019			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
<b>Innri úttektir</b>			
	Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum áfangastjóra.	HEL/SHS	H19
<b>Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum</b>			
	Unnið verður samkvæmt áætlun um starfsmannaviðtöl.	BEN/AMJ	H19
<b>Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða</b>			
	Vinna þarf að því að ljúka eldri málum sem hafa komið í gegnum framvindumat, áfangaskýrslur eða með öðrum leiðum og fara inná borð gæðaráðs (GÁT-008)	HEL/SHS	H19
<b>5</b>			
	Efla þarf og breyta skráningu á úrbótaverkefnum sem aðrir innan skólans, en gæðaráð, taka þátt í eða hefja.	Gæðaráð	H19
	Vinna þarf eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var á haustönn 2018. Skólameistari og aðstoðarskólameistari vísa verkefnum til hlutaðeigandi	Stjórnendur	V19-V21
<b>Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda</b>			
	Aðgerðalisti yfirfarinn í næstu rýni á haustönn 2019 (maí/júní '19)	Gæðaráð	H19
<b>Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)</b>			
	Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar	Gæðaráð	V20
<b>Tillögur um umbætur</b>			
	Farið verður í vinnu við að skoða rafræna skráningu á athugasemdum og ábendingum	HEL/SHS	H19
	Endurskoðun á mælikvarða varðandi mætingar nemenda	Gæðaráð/ sviðsstjórar	V20
	Endurskoðun á mælipunktum í STS-002 Gildi, markmið og stefna	Gæðaráð	V20
<b>Tillögur um auðlindir</b>			
	Mannauðsstjóri		